



Fundargerð

Fimmtudaginn 12. júní 2014 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 10.00 á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrandar.

Á fundinn voru mættir: Magnús Sigurðsson, Ágúst Þór Bragason, Vignir Sveinsson og Magnús B. Jónsson.

Formaður stjórnar, Magnús Sigurðsson, setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Ársreikningur 2014

Fyrir fundinum lá ársreikningur samstæðu Félags- og skólaþjónustu Austur-Húnavetninga bs. sem unnin var af Davíð Búa Halldórssyni endurskoðanda hjá Enor ehf.

Í ársreikningi kemur fram að heildartekjur samstæðunnar námu 176,8 millj. en voru 165,3 millj. árið áður og höfðu hækkað um 6,9% milli ára. Heildarrekstrargjöld samstæðunnar voru 186,7 millj. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var því neikvæðu um 13,5 millj. í samanburði við 9,5 millj. neikvæða niðurstöðu árið 2012. Í sjóðstreymi kemur fram að handbært fé frá rekstri nam 4,1 millj. Handbært fé hækkaði 504 þús. og var 4,7 millj. í árslok. Stjórn yfirfór ársreikninginn og lagði til breytingar á framsetningu áætlunar en samþykkti hann síðan.

2. Framkvæmdir 2014

Stjórn fór yfir þá verkþætti sem eru í vinnslu og áætlaðir við lok kjörtímabils stjórnarinnar:

a) Hnitbjörg

Við Hnitbjörg er eftir að ljúka frágangi í kringum húsið eftir framkvæmdir á síðasta ári. Lóðafrágangur og viðgerð á stétt við útidyr er komin í farveg. Gert ráð fyrir að halda áfram og ljúka þeim verkum. Ekki hefur verið unnin áætlun um akstursleið upp að húsinu og yfir á bílastæði vestan við húsið. Ákvörðun um þann verkþátt vísað til næstu stjórnar.

b) Sæborg

Unnin hefur verið kostnaðaráætlun vegna endurbóta á Sæborg en ekki gerður verksamningur um þær. Samþykkt að halda áfram umsóknarferli um lán til framkvæmdanna en ákvörðun um framkvæmdina og samninga um verkið vísað til næstu stjórnar.

c) Skúlabraut 22

Á fundi stjórnar 22. apríl sl. var lögð fram skoðunarskýrsla Bjarna Þórs Einarssonar og var þá ákveðið að stjórn færi til að kynna sér af eigin raun ástand eignarinnar. Þar sem kjörtímabili er lokið og líkur á að skipt verður um stjórnarmenn var því verkefni vísað til nýrrar stjórnar.



3. Dreifnám staða og horfur

Fyrir fundinum lá tölvubréf frá menntamálaráðuneytinu sem ritað var til Ingileifar Oddsdóttur, skólameistara FNV, 5. júní 2014. Í bréfinu kemur fram að við afgreiðslu fjárlaga ársins 2014 ákvað Alþingi að veita 25 m.kr. framlag til að styrkja deildir framhaldsskóla á landsbyggðinni, svokallað dreifnám. Gert var ráð fyrir að mennta- og menningarmálaráðuneytið úthlutaði fénu til að tryggja áframhaldandi nám á Blönduósi, í Búðardal, á Hólmavík, Hvammstanga, Patreksfirði og Þórshöfn auk þess að opna framhaldsskóladeild á Vopnafirði. Af þessum var þegar tryggður rekstur framhaldsdeildarinnar á Patreksfirði, sem rekin er af Fjölbrautaskóla Snæfellinga og rekstur framhaldsdeildarinnar á Þórshöfn sem Framhaldsskólinn á Laugum rekur.

Í ljósi þess að Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra sjái nú um nám í framhaldsdeildinni á Blönduósi hafi ráðuneytið ákveðið að fjármunir til rekstrar á deildinni renni til skólans, svo tryggja megi áframhaldandi nám á Blönduósi.

Framlag skiptist með eftirfarandi hætti:

2014: 3,5 m.kr. fyrir haustönn með vísan til þess að samningur sé milli skólans og Félags- og skólaþjónustu Austur-Húnavatnssýslu um rekstur á vorönn.

2015: 7 m.kr.

2016: 7. m.kr.

2017: 7. m.kr.

Falli kennsla í framhaldsdeildinni á Blönduósi niður eða færist til annars skóla mun framlagið ekki lengur renna til fjölbrautaskólans.

Stjórnarmenn lýstu ánægju sinni með að staða dreifnámsstöðvarinnar á Blönduósi hafi verið tryggð með þessum hætti og staðfestu að dreifnámi á Blönduósi verði framhaldið að öðru óbreyttu. Fram kom ekki sé þörf á að stækka við það rými sem starfsemin var í sl. skólaár.

4. Ráðning fræðslustjóra

Fyrir fundinum lágu umsóknir þeirra sem sóttu um stöðu fræðslustjóra sem auglýst var laus til umsóknar.

Umsækjendur voru þrír. Stjórn fór yfir umsóknirnar og bar þær saman en starfsviðtöl höfðu verið tekin við alla umsækjendur. Stjórnin mat alla umsækjendur hæfa til starfsins en samþykkti að fela framkvæmdastjóra að gera ráðningarsamning við Hörpu Hermannsdóttur. Stjórnin byggði ákvörðun sína m.a. á að Harpa hefði hagnýta þekkingu og samtals 15 ára starfsreynslu á bæði leik- og grunnskólastigi og að M.Ed. gráða í menntunarfræðum með áherslu á sérkennslu væri mjög mikilvæg menntun fyrir það starf sem fræðslustjóra er ætlað.

5. Önnur mál

Stjórnarmenn þökkðu hverjir öðrum samstafið svo og starfsfólki ánægjulegt samstarf á kjörtímabilinu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 11.30

Magnús Sigurðsson,

Vignir Sveinsson,

Ágúst Þór Bragason,

Magnús B. Jónsson